



**58. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 25. september, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Skólaakstur nemenda í Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki.
3. Boð á hafnafund frá Hafnasambandi sveitarfélaga.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.
5. Erindi til fjárlaganefndar.
6. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

**1. Atvinnumál.**

Hinn 23. september sl. heimsótti bæjarráð ásamt bæjarstjóra fyrirtækið Ísgel sem nýverið flutti starfsemi sína til Blönduóss.

**2. Skólaakstur nemenda í Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki.**

Bæjarstjóri greindi frá því að Blönduósbær, Höfðahreppur og Húnaþing vestra hefðu leitað eftir sameiginlegu tilboði frá Halli Hilmarssyni vegna aksturs með nemendum sem stunda nám við FNV á Sauðárkróki veturinn 2003-2004. Um er að ræða akstur aðra hverja helgi en skólinn sér um akstur nemendanna hina helgina.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Blönduóssbæjar.

Hjördís Blöndal greiðir atkvæði gegn skólaakstrinum. Ágúst Þór vil að eftirfarandi skoðun komi fram:

Í Fjölbraut er gaman að vera  
og koma heim í rútu frá Halli  
en Hjördís telur það vera  
bruðl að bærinn borgi með kalli.

**3. Boð á hafnafund frá Hafnasambandi sveitarfélaga.**

Fundurinn er haldinn 31. október nk. í Reykjavík. Bæjarstjóra falið að sækja fundinn.

**4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**

Lögð fram til kynningar.

**5. Erindi til fjárlaganefndar.**

Farið var yfir drög bæjarstjóra sem áætlað er að fjalla um á fundi fjárlaganefndar nk. mánudag.



**6. Önnur mál.**

- a. Ágúst Þór vakti athygli á að taka þarf afstöðu til gömlu Blöndubrúarinnar og með hvaða hætti hún verði varðveitt og nýtt í framtíðinni.
- b. Erindi vegna húsaleigubóta bókað í trúnaðarbók.

***Fundargerð upplesin og samþykkt.***

***Fundi slitið kl. 18:45.***

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)